

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir þjónustu Loftferðaefirlits flugmálastjórnar.

1. Skoðunargjöld loftfara.

- 1.1. Skoðunargjöld vegna skrásetningar eða ársskoðunar loftfara miðast við skráðan hámarks-flugtaksþunga þeirra.
- 1.2. Fyrir þyrlur og flugvélar allt að 5700 kg að þyngd greiðast kr. 6.00 fyrir hvert kg, en lágmarksgjald er kr. 6 000.00.
- 1.3. Fyrir flugvélar yfir 5700 kg að þyngd greiðast kr. 50 000.00 að viðbættum kr. 1.20 fyrir hvert kg.
- 1.4. Fari skoðun fram erlendis greiðast enn fremur fargjöld skoðunarmanns og dagpeningar samkvæmt kjarasamningi starfsmanna ríkisins.

2. Skírteinisgjöld flugliða.

- 2.1. Fyrir skrifleg og verkleg prófskírteini flugliða greiðast eftirfarandi prófgjöld:

	Skriflegt próf	Verklegt próf
Flugnemi	kr. 1 000	kr. 2 000
Einkaflugmaður	— 4 000	— 3 000
Atvinnuflugmaður	— 6 000	— 3 000
Atvinnuflugmaður m.m. prófi	— 8 000	— 4 000
Blindflugsréttindi	— 6 000	— 4 000
Flugkennararéttindi	— 5 000	— 3 000
Loftsiglingafræðingur	— 8 000	
Flugumsjónarmaður	— 8 000	
Flugvélavirki (tegundarréttindi)	— 2 000	

- 2.2. Við endurnýjun skírteinis greiðast kr. 1 000.00.

3. Almenn ákvæði.

- 3.1. Gjöld fyrir verkleg próf skírteinis flugliða greiðast til prófdómara. Önnur gjöld greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar Reykjavíkurflugvelli.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1978 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 167 25. mars 1977, um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 22. desember 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

22. desember 1977.

Nr. 448.

GJALDSKRÁ

fyrir afnot flugvalla.

1. Gildissvið.

- 1.1. Gjaldskrá þessi gildir fyrir afnot flugvalla á Íslandi, annarra en Keflavíkurflugvallar.